

22. gr.

22.1. Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

22.2. Ítrekuð, alvarleg brot af ásetningi eða stórfelldu gáleysi skulu jafnframt valda réttindamissi til að reka kanínubú.

22.3. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

23. gr.

23.1. Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum um búfjárhald, forðagæslu o.fl. nr. 46/1991, með síðari breytingum, lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim nr. 25/1993, lögum um dýralækna nr. 77/1981 og búnaðarlögum nr. 70/1998 og öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um kanínurækt nr. 263 5. júní 1991.

Ákvæði til bráðabirgða.

Héraðsráðunautar eða héraðsdýralæknir skulu fyrir 1. janúar 1999 skoða þau feldkanínubú sem starfandi eru við gildistöku þessarar reglugerðar og sannreyna að búnaður þeirra sé í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar. Fullnægi kanínubú sem hafið hefur starfsemi fyrir gildistöku reglugerðarinnar ekki ákvæðum hennar getur landbúnaðarráðuneytið, að fenginni umsögn héraðsráðunautar eða héraðsdýralæknis, veitt undanþágu frá einstökum ákvæðum reglugerðarinnar, þó ekki lengur en til 1. júní 1999.

Landbúnaðarráðuneytinu, 11. september 1998.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

AUGLÝSING**um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Bessastaðahrepps 1993-2013, íbúðasvæði suðvestan Sjávangötu.**

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 10. september 1998 staðfest breytingu á aðalskipulagi Bessastaðahrepps 1993-2013 frá 1. desember 1993.

Breytingin felst í því að tvö íbúðasvæði eru gerð að einu og heildarflötur minnkaður. Ennfremur breytast göngustígar.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Bessastaðahrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 10. september 1998.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.